53
2. júlí

SAMÞYKT
um
síldarveiði með herpinót á Skagafirði innanverðum.

1. gr.

Innan beinnar línu milli syðri enda Þórðarhöfða og Ingveldarstaðabæjar á Reykjaströnd er öllum óheimil síldarveiði með herpinót á hvaða tíma árs sem er.

2. gr.

Hreppstjórum í þeim hreppum, sem liggja að samþyktarsvæðinu er sjerstaklega falin umsjón með, að samþykt þessari sje hlýtt, og skulu þeir fá endurgjald fyrir útlagðan kostnað, vinnutap, bátsleigu og annað, er af eftirliti þessu kann að leiða, eftir reikningi úrskurðuðum af oddvita sýslunefndar, ef ágreiningur verður. Kostnaður þessi greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, er hlutaðeigandi hreppstjóri á heimili í.

3. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 500 kr., og skal helmingur þeirra falla til uppljóstrarmanns, en helmingur í sveitarsjóð þar sem uppljóstrarmaður dvelur, er hann verður áskynja um brotið.

4. gr.

Með brot gegn samþykt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi, sem samin er og samþykt samkvæmt lögum nr. 56, 10. nóv. 1913, sbr. lög nr. 30., 20. júní 1923, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi og gildir til 2. júlí 1924.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júlí 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.